

28. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 7. apríl 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Sigurður Sigurjónsson, Elsa Ingjaldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið var til dagskrár:

1. Útboð vegna lagningu á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum og lagnaframkvæmdir í Garðastíg.

Lagt var fram minnisblað frá EFLU um framkvæmdina en þar er gert ráð fyrir lagningu á hitavatnslögn frá Kópsvatnsholu niður á Flúðir og lagna- og jarðvegsframkvæmdir samhliða í Garðastíg. Gert er ráð fyrir að hitaveitan tengist við hitaveituna við Ásabyggð á árinu 2021 og verklok verði síðan sumarið 2022. Þá voru lagðar fram teikningar af dælustöðvum frá EFLU sem þarf að byggja upp við Kópsvatnsholuna og við Garðastíg. Þá voru lögð fram tilboð í samsetningar á hitavatnslögnunum. Hannibal fór yfir framkvæmdina og hugmyndir að útfærslum og fyrirbyggjandi verðhugmynd frá Límtré Vírnet í dæluhúsin.

Veitustjórn samþykkir að fela EFLU að bjóða út lagna- og jarðvegsframkvæmdir vegna verksins. Þá felur veitustjórn veitustjóra að semja um kaup á dæluhúsum frá Límtré Vírnet og uppsetningu þeirra. Einnig felur veitustjórn veitustjóra að ganga til samninga við Set um vinnu við samsetningar á hitavatnslögnum.

2. Útboð vegna vatnstanks í Berghylsfjalli.

Lagt var fram minnisblað frá EFLU vegna verksins og Hannibal fór yfir vinnu við hönnun og útfærslur vegna verksins en tillaga hans er að verklok verði á árinu 2022.

Veitustjórn felur EFLU að bjóða út verkið.

3. Kauptilboð í 22,83% eignarhlut í Hitaveitu Grafarhverfis ehf.

Fyrir liggur kauptilboð í 22,83% hlut Steinars Guðjónssonar, Áshildar Emilsdóttur, Eyrúnar Guðmundsdóttur, Margrétar Guðmundsdóttur og Páls Guðmundssonar í Hitaveitu Grafarhverfis ehf af hálfu Bláhvers ehf og hljóðar kaupverðið upp á kr. 8.839.258 fyrir eignarhlutinn. Jón upplýsti að málið hafi verið tekið fyrir á stjórnarfundi Hitaveitu Grafarhverfis ehf í dag þann 7. apríl og liggur fundargerðin fyrir á fundinum en fyrir liggur að félagið sjálft nýti sér ekki forkaupsréttinn. Kauptilboðið barst stjórn Hitaveitu Grafarhverfis 24. mars s.l. og hafa forkaupsréttarhafar tvo mánuði til að ákveða hvort þeir nýti sér forkaupsréttinn.

Stjórn Hitaveitu Grafarhverfis samþykkti að félagið sjálft nýti sér ekki forkaupsrétt í félaginu en vísaði síðan málinu til einstakra hluthafa hvort þeir vilji nýta sér forkaupsréttinn.

Meirihluti veitustjórnar samþykkir að mæla með því að sveitarstjórn nýti sér forkaupsrétt sinn á hlutafénu. Jón situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:05.